





# Tré ársins


Hæð mæld með stöng:	11,66 m	
Ummál við rótarhál	3,01 m* (2,73m)**	d=95,8 cm (d=86,7)
Ummál við 60 cm	2,47 m	d=78,6 cm
Ummál efri greinar v/upptök	1,95 m	d=62,6 cm
Ummál neðri greinar v/upptök	1,67 m	d=53,2 cm
Ummál í brjósthæð	2,77 m	d=1,3 = 88,2 cm
Ummál hliðargreinar	1,33 m	d=42,3 cm
Lengd lengstu hliðargreinar	11,6 m frá basis	


\* Alveg niður við jörð

\*\* Við rötarskurð

## Staðreyndatal

Tré ársins 2004 er evrópulerki (*Larix decidua* Miller) við Hafnar­götu 48 á Seyðisfirði. Lögun þess er afar óvenjuleg, að ekki sé sagt einstök, og það er með elstu lerkitrjám á Íslandi, án þess vitað sé nákvæmlega um aldur þess. Það er með gildasta stofn (áður en hann skiptist í tvo), sem nokkurt lerkitré á Íslandi hefir og það er með lengstu hliðargrein allra barrtrjáa á Íslandi. Um 1 m frá jörð skiptist stofninn í tvo. Vex annar (hægra megin, þegar maður snýr að næsta húsi) nokkuð beint upp, hlykkjóttur að vísu, en sá til vinstri sveigist til hliðar og klofnar eftir um 50 cm í tvær greinar. Fyrir bragðið er krónan ákaflega breið, öllu meiri en hæð trésins, og var orðin mjög flöt, en síðustu árin eru nýir sprotar að vaxa upp úr henni. Niðurstöður mælinga á trénu 2. sept 2004:





Teikning: Ólafur Eggertsson.

Borað var í tréð í um 60 cm frá jörðu og tekinn borkjarni til að kanna aldur trésins. Dr. Ólafur Eggertsson á Rannsóknastöð Skógræktar á Mógilsá, einn fremsti sérfræðingur í áhringjarrannsóknum á Norðurlöndum, mældi áhringina í borkjarnanum og taldi þá. Þarna í 70 cm hæð frá jörðu er tréð 82ja ára gamalt. Nú verður að giska á, hve mörg ár

það tók að vaxa upp í þessa hæð. Það geta verið 6-10 ár, af því að þá var kaldara árferði en nú. Fer því nærri, að tréð sé um 90 ára gamalt frá gróðursetningu.

#### Hver gróðursetti tréð?

Ætla verður, að það hafi Friðrik Wathne gert. Hann eignaðist húsið á Reyðarfirði 1896, en flutti það með sér til Seyðisfjarðar

1906 og setti niður við Hafnar götu 48. Árið 1992 var kveikt í húsinu, sem hafði staðið mannlaut í nokkra mánuði, og stórskemmdist það. Var svo rífið sumarið 1992.

#### Hvaðan fékk Friðrik lerkjaplönturnar?

Það er nefnilega ekki þetta eina lerkitré á lóðinni, heldur eru þau tvö. Hitt er minna, stendur niður við götuna og brotnaði nýlega undan snjóþyngslum.

Friðrik getur hafa fengið plönturnar frá Danmörku eða Noregi, því að hann hafði mikil viðskipti við þessi lönd.

Svo er annar möguleiki, sem Jón Loftsson skógræktarstjóri lét sér detta í hug við athöfnina 2. sept. Að þetta tré gæti verið úr sama hópi og gamla evrópulerkið í Mörkinni á Hallormsstað. Það tré er nokkuð örugglega vaxið upp af fræi, sem sáð var þar 1903. Þetta er vissulega möguleiki. Ekki síst, þegar haft er í huga, að góðborgarar á Seyðisfirði gerðu sér tíðförlut um helgar upp í Hallormsstaðaskóg.

#### Áhringjalínuritíð

Á meðfylgjandi mynd hefir dr. Ólafur Eggertsson dregið upp línurit af vaxtarferli áhringjanna í 82 ár og sett við hliðina á því línurit af sumarhitinum á Teigarhorni við Berufjörð á sama tímabili. Myndin sýnir afar góða samsvörun milli sumarhitans og breiddar áhringjanna fram að 1988. Eftir það fellur áhringjubreiddin jafnt og þétt til 1998, þótt hitastigið fari mjög hátt 1995.

Eins og áður sagði brann húsið, sem tréð stóð við 28. janúar 1992. Ekki fer hjá því, að þá hefir gríðarmikill hiti leikið um tréð. En lerkitré hafa vissulega mjög þykkar börk, sem ver þau



Magnús Jóhannesson afhendir Tryggva Harðarsyni vottorðið. Emil Emilsson sést á milli þeirra.

gegn skógareldi. Grenitré myndi ekki hafa þolað þann hita, sem þarna var. Vaknar þá spurning, hvort hitinn þarna hafi haft einhver varanleg áhrif á lifandi vef trésins (rysjuna), sem kæmi í veg fyrir eðlilega fylgni áhringja-breiddar við hitastig.

#### Athöfnin

Athöfnin fór fram 2. september 2004, að viðstöddum allstórum hópi fólks. Þarna voru mættir auk bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar nokkrir bæjarstarfsmenn og hópur skógræktarmanna frá Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktarfélagi Seyðisfjarðar,

Skógræktarfélagi Austurlands, Skógræktarfélagi Eskifjarðar, Skógrækt ríkisins og Héraðs-skógum.

Formaður Skógræktarfélags Íslands, Magnús Jóhannesson, afhenti Tryggva Harðarsyni bæjarstjóra innrammað skjal, sem staðfesti, að Skógræktarfélag Íslands hefði valið þetta „tré ársins 2004“.

Eftir ávörp þeirra sagði formaður Skógræktarfélags Seyðisfjarðar, Emil Emilsson, nokkuð frá starfi og skógarreitum félagsins.

Myndirnar tók Brynjólfur Jónsson.



ICELAND TRAVEL



ferðapjónusta bænda  
BÆNDAFERÐIR



Landgræðsla ríkisins



FRJÓ<sup>HF</sup>



ÍSFUGL

